hlutinn endurgelzt dönsku póststjórninni. Fyrir slíka böggla frá Íslandi til Svíþjóðar og 143
Noregs skal greiða upphæðir þær, sem tilfœrðar eru í skránni yfir dansk-sænsk og 29. sept.
dansk-norska böggla og hlýtur sömuleiðis af þeim íslenzka póststjórnin hinn danska hluta, en danska póststjórnin utanríkishlutann. Fyrir póstböggla (colis postaux) frá útlöndum til Íslands fær íslenzka póststjórnin ekkert.

Eins og sjest af því, sem að ofan er tekið fram, hefir verið álitið rjettast að láta hina sjerstöku samninga, er gjörðir hafa verið við Svíþjóð og Noreg, svo og Þýzkaland, einnig gilda fyrir Ísland, þó að 36 a. uppbót sú, fyrir böggulinn, sem heimiluð er í Parísarsamþykktinni, hafi verið færð niður, að því er nefnd lönd áhrœrir, með tilliti til Þýzkalands lækkuð ofan í 27 a. fyrir böggulinn og með tilliti til hinna skandinavísku landa verið breytt í uppbót fyrir hvert pund; en yfirpóststjórnin hefir á hinn bóginn álitið, að eigi beri að láta burðareyrisupphæðir þær, sem ákveðnar eru með tilliti til Þýzkalands, Svíþjóðar og Noregs, án þess að bœtt hafi verið við ísl. burðareyri, gilda um aðra böggla milli Íslands og þessara landa enn þá, er ákvarðanir Parísarsamþykktarinnar geta átt við um. Allar ísl. böggulsendingar ber eins og að undanförnu að senda yfirpóstmeistaranum í Kaupmannahöfn með póstsendingaskrá.

Að lyktum skal vekja athygli yðar á því, að sjerstakt form er fyrirskipað fyrir tilvísunarbrjef og tollyfirlýsingar með bögglum þeim, er getur um í samþykktinni frá 3. nóvbr. 1880 og fylgja hjer með nokkur exempl. af tilvísunarbrjefum þeim og toll yfirlýsingum, sem prentuð hafa verið til afnota á hinum dönsku pósthúsum.

— **Brjef landshöfðingja** *til biskupsins* **um aðsetursstað prestsins á Akureyri.** — 144
Með heiðruðu brjefi frá 8. þ. m. hafið þjer, herra biskup, sent mjer brjef prófastsins í 10. okt.
Eyjafjarðarprófastsdœmi frá 23. f. m. ásamt erindi með 4 fylgiskjölum, þar sem presturinn á Akureyri fer þess á leit, að honum verði leyft að búsetja sig í Hvammi, sem er jörð ein örskammt frá Akureyri og hefir bæði prófasturinn og þjer, herra biskup, sterklega mælt með beiðni þessari.

Fyrir því vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, það sem hjer segir.

Þar eð með konungsúrskurði frá 29. júní 1860 er ákveðið, að þegar búið sje að byggja hina nýju kirkju á Akureyri, verði prestur sá, er veitt verður Hrafnagilsbrauðið, skyldaður til að búa á verzlunarstaðnum eða rjett í grennd við hann, eptir því sem biskupinn nákvæmar ákveður; — *þar eð* þjer, herra biskup, í nefndu brjefi yðar lýsið yfir því, að presturinn að yðar áliti sje einkar vel settur í Hvammi; — *þar eð* enn fremur á almennum borgarafundi, er haldinn hefir verið 19. þ. m. á Akureyri um þetta efni, hefir með atkvæðafjölda verið lýst yfir, að ekki væri neitt á móti því, að prestinum yrði leyft að setjast að í Hvammi; — *þar eð* sömuleiðis meiri hluti sóknarnefndarinnar í Akureyrar sókn álítur, að sóknarpresturinn sje hentugar settur í Hvammi en á Akureyri, þó að minni hlutinn hins vegar álíti, að það myndi að vísu að sumu leyti haganlegra fyrir Akureyrarbœ, að presturinn byggi þar; en í tilliti til prestsþjónustunnar sjálfrar álítur hann það ekki miklu skipta, með því að Hvammur er að eins meðalbœjarleið frá Akureyri; en það álítur hann svo sem engu skipta, hvort presturinn býr á Hvammi eða á hinum jörðunum, sem eru rjett í grennd við bœinn, og sem ofan-nefndur konungsúrskurður virðist leyfa honum að búa á; — og *þar eð* loksins sóknarnefndirnar í öðrum sóknum þeim, er heyra prestakallinu til,

144 hafa lýst yfir því, að presturinn sje betur settur fyrir prestakallið í Hvammi en á
10. okt. Akureyrarkaupstað, — vil jeg hjer með samþykkja, að presturinn í Akureyrarprestakalli setjist fyrst um sinn að í Hvammi.

145 — **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* **um**
11. okt. **landsskuld af þjóðjörð.** — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 19. f. m., hefi meðtekið skýringar þær, er jeg beiddist í brjefi mínu frá 3. nóvbr. f. á. og álit hlutaðeigandi hreppsnefndar, sýslunefndar og amtsráðs, svo og ummæli umboðsmannsins áhrærandi lækkun á landsskuld jarðarinnar Djúpárbakka, sem þjer, herra amtmaður, í brjefi frá 28. júlí f. á. höfðuð lagt til, að veitt yrði sökum skemmda þeirra, er orðið hefðu af landbroti Hörgár á tjeðri jörð, — vil jeg hjer með samkvæmt tillögum amtsráðsins samþykkja, að landsskuldin af þjóðjörðinni Djúpárbakka, færist niður um 20 álnir á ári, frá fardögum 1881 að telja, fyrir ábúðartíð hins núveranda ábúanda, með þeim skildaga, að hann sje skyldur til að kaupa sjer svo heyskap, að nemi niðurfærslunni, og að jörðin njóti þess áburðarauka.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, og ber þar að auki að leggja fyrir umboðsmann Möðruvallaklausturs að hafa eptirlit með, að tjeðum skilyrðum verði fullnægt.

146 — **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* **um**
12. okt. **framfærslusveit barns, er hafði verið komið í fóstur.** — Í þóknanlegu brjefi frá 28. júlí þ. á. sögðuð þjer, herra amtmaður, mjer álit yðar um áfrýjun sýslumannsins í Norðurmúlasýslu á úrskurði amtsins frá 7. apríl þ. á., er skyldar Jökuldals- og Hlíðarhrepp til að greiða Guðmundi bónda Jónssyni í Vík í Flateyjardal, Hálshreppi áfallið og áfallandi ársmeðlag með barninu Stefáni Pálssyni frá 28. maí 1877 og til þess tíma, að það verður flutt til nefnds hrepps.

Barni þessu var sumarið 1874, eins árs gömlu, komið í ársfóstur til nefnds Guðmundar Bjarnasonar af föður barnsins. Samsumars fór faðirinn til Vesturheims, og þegar þar eptir var hætt að borga með barninu, skrifaði Guðmundur 28. maí 1877 framfærslusveit föðursins, sem er Jökuldals- og Hlíðarhreppur, fór þess á leit, að hún borgaði hið áfallna meðlag, heldur en að barnið yrði flutt fátækraflutningi, og bauðst til að veita því framfærslu fyrir fullt meðlag eptirleiðis. Þegar Guðmundur ekki fjekk neitt fullnægjandi svar frá hreppsnefndinni, snjeri hann sjer að sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, sem eptir árangurslausar brjefaskriptir við sýslumanninn í Norðurmúlasýslu leitaði amtsúrskurðar þess, sem nú er áfrýjað.

Það er nú fyrst ljóst, að Jökuldals- og Hlíðarhreppur getur ekki, úr því að hann játar sig vera framfærslusveit föður barns þess, er hjer er um að ræða, komizt hjá að annast barnið samkvæmt 6. grein fátækrareglugjörðar 8. janúar 1834, þangað til að það er 16 ára. Sjer í lagi getur ekki verið umtalsmál, að Guðmundur bóndi hafi með því að taka barnið í fóstur um eitt ár af föður þess, bakað sjer og framfærsluhrepp sínum skyldu til að framfæra barnið, eins og hann sjálfur væri rjettur faðir þess. Meira vafasamt kynni það að þykja, hvort ekki ætti að vísa máli þessu til dómstólanna. Að vísu hefði það verið formlegra, ef Guðmundur hefði, þegar ár það var úti, er hann hafði skuldbundið sig til að fóstra barnið, leitað meðlags með því frá hreppsnefndinni í